

Skólaráð

Skólaráð 30. mars 2017

55. fundur

Fundur settur kl. 8.10

Mætt voru: María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fjarverandi, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra fjarverandi, Mjöll Flosadóttir í stað Jökuls Mars fulltrúa, Kristín Thoroddsen formaður Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúa grenndarsamfélags, Eiríkur Kúld (9. bekkur), Þorbjörg Guðmundsdótti (10. bekk).

Efni fundarins:

1. Viðmiðunarstundaskrá
2. Viðhorfakönnun Hafnarfjarðarbæjar
3. Nemendakönnun Skólapúlsins
4. Foreldrakönnun Skólapúlsins
5. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá hans.

1. Viðmiðunarstundaskrá

Aðstoðarskólastjóri fór yfir viðmiðunarstundaskrá og umræður sköpuðust um hana.

2. Viðhorfakönnun Hafnarfjarðarbæjar

Skólastjóri fór yfir viðhorfakönnun Hafnarfjarðarbæjar og sýndi niðurstöður frá Setbergsskóla í samanburði við skólana í Hafnarfirði sem og heildarniðurstöður hjá Hafnarfjarðarbæ.

Ræddum að það fjármagn sem við fáum inn í skólann til viðhalds fer í skólaeldhúsið og að laga rakaskemmdir. Skólastjóri mun sækja um viðbótarfjármagn því margt er komið á tíma í skólanum og kemur það fram í niðurstöðum starfsmannakönnunar að fólk er ekki ánægt með vinnuumhverfi.

Mjög alvarlegt að einhver verði fyrir einelti innan skólans og farið verður í það að kynna leiðir sem starfsfólk getur farið ef það verður fyrir einelti og að enginn brenni inni með slíkt.

Skólaráð

3. Nemendakönnun

Skólastjóri fór yfir nemendakönnun

Kennarar senda upplýsingar til foreldra en fá litla endurgjöf frá foreldrum. Mikilvægt er að halda þessum samskiptum áfram þó svo að endurgjöfin sé ekki mikil. Kennarar þurfa líka að láta foreldra vita hvaða leiðir þeir fara í samskiptum. Í umræðum kom fram ánægja með þá kennara sem eru inn á fb hópum bekkja og þær samræður og upplýsingar sem þar koma fram. Nemendakönnunin kom vel út en eitt af því sem við þurfum að laga er samband kennara og nemenda og þar viljum við skora hærra og þurfum að setja inn í úrbótaáætlun skólans. Þurfum að bera þetta saman við fyrri kannanir og sjá hvað kemur út úr því.

Einelti mælist mjög lágt innan skólans. Agi í tímum kemur vel út.

4. Foreldrakönnun

Þessum dagskrárlið var frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

Fundi slitið kl. 09:45

Fundarritari: Sif Stefánsdóttir